

Nr. 008 / 10 Goðafoss

Skipverji slasast við fall

IMO nr. 9086796
Smíðaður: Danmörku 1995, stál
Stærð: 14.664 BT
Mesta lengd: 165,60 m
Breidd: 28,60 m Dýpt: 8,95 m
Vél: MAN B&W 7S60MC 14800kW, 1995
Fjöldi skipverja: 13

Gögn:

Slysaskýrsla frá skipi
Úrdráttur úr leiðarbók
Gögn RNS



Goðafoss©Hilmar Snorrason

Málið afgreitt á fundi 20. ágúst 2010 af Inga Tryggvasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni. Hilmar Snorrason tók ekki þátt í afgreiðslu málsins.

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 7. desember 2009 var Goðafoss að koma til Rotterdam. Veður: Hægviðri.

Skipverji var vinna við losun á sjóbúnaði á palli á lúgu nr. I þegar hann missti jafnvægið og féll niður á þilfar með þeim afleiðingum að hann fékk þungt högg á vinstri síðu. Skipverjinn hélt áfram störfum en tveimur dögum seinna var hann að taka inn leiðara í Helsingborg fékk hann fékk hann mikil óþægindi í síðuna.

Skipverjinn var sendur til læknis þann 11. desember og kom þá í ljós að fjögur rifbein voru brotinn. Hann var þá sendur heim.



Skipverjinn stóð á palli á I lúgu



TESS járníð sem skipverjinn var að nota og pallurinn



Myndirnar sýna hvar skipverjinn féll niður

Við rannsókn kom fram:

- að skipverjinn var að losa sjóbúningsstöng með TESS járn (3 kg) af gám en hún reyndist verulega föst. Við átakið skrapp járníð til, hann missti jafnvægið og féll niður á milli grinda/palla um 2 metra niður á þilfarið. Í fallinu greip hann í pallinn með vinstri hendi og við það slóst hann með síðuna utan í síðuband áður en hann féll í þilfarið;
- að skipverjinn var með hjálm og notaði hökubandið. Hann taldi það hafa breytt miklu því hann lenti með höfuðið fyrst í þilfarið;
- að fram kom að skipverjinn taldi að rétt hefði verið að óska eftir aðstoð eins og ætlast er til um borð við erfið verk;
- að við yfirferð á atvikinu hjá útgerð og um borð skipinu var niðurstaðan að ekki væri þörf á sérstökum úrbótum.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu.